# *Raunfærnimat*

Fáðu reynsluna viðurkennda



**austurbru.is**

AUSTURBRÚ

þekking - þróun - þjónusta




Mat á raunfærni byggist á þeirri hugmynd að nám fari ekki eingöngu fram innan formlega skólakerfisins. Raunfærni er samanlögð færni, hæfni og þekking sem einstaklingur hefur aflað sér með ýmsum hætti, s.s. starfsreynslu, starfsnámi, frístundanámi, formlegu námi, félagsstörfum, fjölskyldulífi og annarri reynslu.

**Markmið raunfærnimats er að meta hið óformlega nám til eininga og staðfesta hæfni einstaklingsins.**

**Austurbrú er með starfsstöðvar um allt Austurland og þar starfa á þriðja tug starfsmanna.**

## Af hverju á ég að fara í raunfærnimat?

Það gerir þér kleift að hefja nám þar sem þú ert staddur/stödd í þekkingu og færni. Raunfærnimat getur aukið sjálfstraust og styrkt stöðu þína á vinnumarkaði.



### » Á ég erindi í raunfærnimat?

- Ertu orðin/n 23 ára?
- Hefur þú unnið við fagið í þrjú ár eða lengur?
- Ertu með stutta formlega skólagöngu?
- Viltu bæta við menntun þína?
- Viltu styrkja stöðu þína á vinnumarkaði?

### » Hvernig fer raunfærnimat fram?

1: Kynning og viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa

2: Færnimappa og sjálfsmat

3: Matsviðtal

4: Eftirfylgni - viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa

### » Námsbrautir

- Metið er inn á námsbrautir í framhaldsskólum. Dæmi: Húsasmíði, vélvirkjun, fisktækni, matartækni, leikskólaliðabraut o.fl.
- Raunfærnimatið er þér að kostnaðarlausu ef þú hefur ekki lokið formlegri menntun t.a.m. stúdentsprófi eða iðnprófi.

**Raunfærnimatið fer fram í starfsstöðvum Austurbrúar.**

## Viltu vita meira?

*Frekari upplýsingar um raunfærnimat fást hjá Austurbrú*
***S: 470 3800 // austurbru.is // namsradgjof@austurbru.is // Facebook.com/austurbru***

